

MOSFELLINGUR

1. tbl. 5. árg. fimmtudagur 12. janúar 2005. Dreift frítt inn á öll heimili og fyrirtæki í Mosfellsbæ, Kjalarnesi og Kjós.



Mosfellingur ársins

Mosfellingur hyggst gera það að árlegum viðburði í fyrsta tölublaði hvers árs að velja Mosfelling ársins. Fyrstur til að hljóta heiðurstítilinn er Sigsteinn Pálsson fyrrverandi bóndi á Blikastöðum. Sigsteinn gegndi á árum áður fjölmörgum trúnaðarstörfum í bæjarfélaginu ásamt því að vera stórbóndi á Blikastöðum, bænum sem hann er ávallt kenndur við.

Sigsteinn stóð á tímamótum á nýliðnu ári en þann 16. febrúar fagnaði hann 100 ára afmæli sínu. Sigsteinn er elsti íbúi Mosfellsbæjar og hefur í gegnum árin verið mjög ern.

Mosfellingur óskar Sigsteini til hamingju og velfarnaðar. Í opnu blaðsins er stíklað á stóru í lífshlaupi Sigsteins.

Sigsteinn Pálsson á heimili sínu að Hlaðhömrum með blómvönd frá Mosfellingi. Fyrir aftan Sigstein er málverk af Blikastöðum eftir Jóhannes Geir málað árið 1997.

Þjósmynd: K. Tomm

EIGN VIKUNNAR



**Fasteignasala
Mosfellsbæjar**

Dalatangi - raðhús NÝTT Á SKRÁ

Fallegt 86,6 m² raðhús á einni hæð á fallegum stað í þyrpingu svipaðra raðhúsa. Verð kr. 21,9 m.

Kjarna,
Pverholti 2
Mosfellsbæ


586 8080

www.fastmos.is

Sjá nánar
á bls. 3



Einar Páll Kjærnested
Löggiltur fasteignasali



Gott úrval af góðum braudum.

RÉTTINGAVERKSTÆÐI

JÓNS B. ehf.
Flugumýri 2 Mosfellsbæ.

Símar: 566-7660 og 697-7685.

Fax: 566-8685.

Netfang: jonrett@internet.is



Þjónustuverkstæði.

Þjónustustæði í fyrirtæki. Útvegið bókalega.

Car-o-tronic bílveiting



Tímarnir tvennir

Gleðilegt ár, kærur Mosfellingar og takk fyrir það liðna. Við höfum bryddað upp á ýmsum nýjungum með breyttum Mosfellingi og látum ekki staðar numið nú. Í þessu tölublaði rifjum við upp árið 2005 og förum í gegnum það sem borið hefur hæst. Mosfellingur hefur haft puttana á púlsinum og haft í nógu að snúast við að færa bæjarbúum fréttir líðandi stundar. Enn ein nýjungin er val á Mosfellingi ársins en það mun verða árlegur viðburður hér eftir. Valið er vandasamt, eins og við er að búast, en að þessu sinni



kemur það í hlut Sigsteins Pálssonar á Blikastöðum að hljóta nafnbótina. Sigsteinn varð aldargamall á árinu og óhætt er að segja að hann hafi sett mark sitt á bæinn og sveitina á sínu lífskeiði. Frekari deili á þessum mæta manni er að finna á síðum blaðsins.

Fleiri en elsti Mosfellingurinn koma við sögu í blaðinu en einn sá yngsti var líka heimsóttur. Hann kom fyrstur Mosfellinga í heiminn á þessu ári og biðna hans skemmtilegir tímar.

LEIÐARI

En að öðru, margir hafa haft samband við blaðið og forvitnast um hvernig hægt sé að nálgast það. Brottfluttur Mosfellingar, Mosfellingar búsettir erlendis og Mosfellingar yfirleitt vilja skoða Mosfellinginn sinn hvar og hvenær sem er. Því höfum við brugðist við þessari eftirspurn og setjum nú blöðin jafnóðum á veraldarvefinn á slóðina www.mosfellingur.is og má þar nálgast blöðin á pdf formati. Er



það von okkar að þetta falli í góðan jarðveg og fólk nýti sér þennan kost.

Hilmar Gunnarsson



Í ÞÁ GÖMLU GÓÐU...

...þegar hreppsstjórnarfundir voru haldnir áður en bænum var breytt í sveitarfélag. Myndin er tekin í júní árið 1981 og var Jón á Reykjum þá oddviti. Þetta var hans síðasti fundur sem oddviti og tók Salóme Þorkelsdóttir við störfum hans. Á myndinni eru frá vinstri Magnús Sigsteinsson, Bernhard Linn, Salóme Þorkelsdóttir, Bjarni Guðmundsson, Jón á Reykjum, Jón Baldvinsson, Haukur Nielsson, Guðmundur Sigþórsson og Úlfur Ragnarsson. Myndin birtist í Mosfells-pósti á 9. áratugnum.

MOSFELLINGUR

mosfellingur@mosfellingur.is

Útgefandi: Mosfellingur ehf.
Álafossvegi 18, s. 694-6426 og 897-7664.

Ritstjóri og ábyrgðarmaður:

Hilmar Gunnarsson

Ritstjórn: Hilmar Gunnarsson, Karl Tómasson og Ágúst Bernhardsson.

Blaðamenn og pistlahöfundar:
Ásgeir Jónsson, Friðrik G. Olgeirsson
Hanna Símonardóttir, Kara Hergils Valdimarsdóttir, Margrét Lára Höskuldsdóttir, Þrándur Gíslason og Örn Franzson

Auglýsingastjóri:

Margrét Lára Höskuldsdóttir
auglysingar@mosfellingur.is

Umbrot og hönnun:

Mosfellingur ehf.

Prófkör: Hjördís Kvaran Einarsdóttir

Prentun: Prentmet, prentað í 3000

eintökum og dreift frítt inn á öll heimili og fyrirtæki í Mosfellsbæ, Kjalarnes og Kjós

NÆSTA BLAÐ KEMUR ÚT 2. FEB

Efni og auglýsingar þurfa að berast fyrir 29. jan



Börnin í bænum

Símon Guðni Sveinbjörnsson og Óskar Markús Ólafsson eru báðir 10 ára og í 5. A Ó í Lágafellsskóla. Þegar blaðamaður Mosfellingar spurði þá félaga hvað hefði verið skemmtilegast á liðnu ári stóð ekki á svarinu, vináttan. Betra getur það vart verið.

HEILRÆÐI

Kristleifs

Ragnheiður Valdimarsdóttir skoraði á Kristleif Guðbjörnsson að koma með næsta heilræði.

Heilræði mitt er:

Aldrei að gefast upp þótt á móti blási

Málsháttur minn er:

Sá sem ræktar garðinn sinn er hamingjusamur

Hjartans mál:

Að dekra meira við rósinar sem aldrei fyrr

Kristleifur skorar á Hauk Nielsson að koma með næsta heilræði.





Kjarna, Þverholti 2
Mosfellsbæ

Sími: 586 8080
www.fastmos.is

Tröllateigur 141-150 m² íbúðir

NÝTT Á SKRÁ



Vorum að fá í sölu fjórar 141-150 m² íbúðir í nýju fjölbýlishúsi í byggingu við Tröllateig 43 í Mosfellsbæ. Húsið er eitt síðustu húsa í nýju hverfi sem er að rísa við miðbæð Mosfellsbæjar. Stutt er í alla þjónustu, skóla og íþróttasvæði. Íbúðirnar eru 3ja – 5 herbergja og afhendast fullbúnar með innréttingum, en án gólfefna, en þó verður baðherbergi og þvottahús flísalagt. Íbúðirnar verða afhentar í maí og júní 2006.

Verð frá kr. 27,9 m.

Fellsás – 267,7 m² parhús

NÝTT Á SKRÁ



Vorum að fá stórt parhús á 2 hæðum, með aukaíbúð. Aðalhæð skiptist í tvö svefnherbergi, baðherbergi, stóra stofu og gott eldhús, auk 33 m² bílskúrs. Á jarðhæðinni er 103 m² aukaíbúð, auk rýmis undir bílskúr sem hægt væri að innrétta. Húsið stendur á fallegum stað, innst í botnlanga í hlöðum Helgafells, með einstöku útsýni. Þetta er tilvalin eign fyrir tvær fjölskyldur eða til útleigu.

Verð kr. 49,0 m.

Tröllateigur – 4ra herb.

NÝTT Á SKRÁ



Vorum að fá í sölu 101,7 m², 4ra herbergja íbúð með geymslu í 2. hæð í 8 íbúða fjölbýli í nýju hverfi við miðbæ Mosfellsbæjar. Þetta er falleg og vel frágengin íbúð með merbau parketi á stofu, holi og 3 svefnherbergjum og flisum á forstofu, eldhúsi, baði og sér þvottahúsi. Kirsberjainnréttingar í eldhúsi og svefnherbergjum. Mikil lofthæð og halogenlýsing í loftum.

Verð kr. 24,7 m.

Þverholt – 2ja herb.

NÝTT Á SKRÁ



Vorum að fá 56,1 m² íbúð á efstu hæð í 3ja hæða fjölbýli í miðbæ Mosfellsbæjar. Íbúðin er á 2 hæðum, stofa, eldhús með góðri innréttingu, flísalagt baðherbergi m/sturtu og geymsla á neðri hæðinni, en opið svefnherbergi er á efri hæðinni. Mikil lofthæð er í íbúðinni sem gefur henni sjarma.

Verð kr. 13,8 m.

Akurholt – 233 m² einbýlishús



233,4 m² einbýlishús á einni hæð, þar af 63,7 m² bílskúr við Akurholt í Mosfellsbæ. Undir íbúðinni er útgráfinn kjallari, þar er möguleiki á ca. 80 m² aukaíbúð. Húsið skiptist í 4 svefnherbergi, stóra stofu m/arni, eldhús með fallegri innréttingu og baðherbergi m/hornbaðkari og sturtu. Alvöru bílskúr með gryfju og miklu geymsluplássi. Útgráfinn kjallari undir húsinu gefur mikil tækifæri.

Verð kr. 41,8 m.

Tröllateigur – nýjar 3ja herb.

NÝTT Á SKRÁ



Vorum að fá í sölu 122,9 m² 3ja herbergja íbúð á 3ju hæð í glæsilegu lyftuhúsi með bílakjallara í nýrþupbyggðu hverfi í Mosfellsbæ. Íbúðin er ný og afhendist fullbúin með parketi og flisum á gólf. Fallegar eikarinnréttingar eru í eldhúsi, baði og svefnherbergjum og Smeg tæki eru í eldhúsi. Þetta er sérlega vönduð og glæsileg íbúð, en henni fylgir einnig bílastæði og geymslur í bílakjallara.

Verð kr. 26,9 m.

Ásland – 203,8 m² parhús



Erum með mjög glæsilegt parhús, innst í botnlanga með glæsilegu útsýni. Húsið er á tveimur hæðum, á jarðhæð er bílskúr, forstofa og 2ja herbergja íbúð, en á efri hæðinni er stór stofa, eldhús, baðherbergi og 2-3 svefnherbergi. Stórt hellulagt bílaplan og tímurverönd aðlöguð að náttúrugróti. Húsið stendur hátt í löðinni og því einstakt útsýni frá því.

Verð kr. 49,7 m.

Tröllateigur – 4ra herb.

NÝTT Á SKRÁ



Vorum að fá stóra og bjarta 4ra herbergja endaíbúð í nýju fjölbýli við miðbæ Mosfellsbæjar. Íbúðin er á 2. hæð, en gengið er inn í íbúðina frá götu, en úr stofu er gengið út svalir með fallegu útsýni að Esjunni. 3 rúmgóð svefnherbergi, sér þvottahús, baðherbergi með sturtu og baðkari. Hvíttáð birkir í öllum innréttingum, flisar á forstofu, baði og þvottahúsi, hnotu plastparket á öðrum gólfum.

Verð kr. 25,3 m.

Ásgarður – 252, m² fokhelt einbýli

NÝTT Á SKRÁ



Vorum að fá fokhelt 252,1 m² einbýlishús á einni hæð með tvöföldum bílskúr á einstökum útsýnisstað í Mosfellsbæ. Húsið er fokhelt í dag, ljós marmaramulningi á veggjum, aluzink bárujárn á þaki, mahony gluggar og inngangshurðar og tvær hvítar bílskúrhurðar. Húsið stendur hátt í byggðinni með einsakt útsýni yfir Mosfellsbæ og fellin. Frábær hönnun, 4 svefnherbergi, 2 baðherbergi, stór stofa, borðstofa og eldhús. Húsið er tilbúið til afhendingar strax.

Verð kr. 39,9 m.

Klapparhlíð – 2ja herb.

NÝTT Á SKRÁ



Vorum að fá 59 m², 2ja herbergja íbúð á 2. hæð í nýlegu 3ja hæða fjölbýli. Náttúruflisar eru á forstofu, gangi, stofu og eldhúsi, flisar eru á baði og geymslu/þvottahúsi, en plastparket á svefnherbergi. Falleg mahony innrétting í eldhúsi og fataskápur í svefnherbergi. Þetta er tilvalin eign fyrir þá sem vilja eignast sína fyrstu íbúð, í nýju og viðhaldslitlu húsnæði. Skóli og leikskóli í sama hverfi.

Verð kr. 14,3 m.

Árbakki – Sveit í borg



Erum með 134,8 m² einbýlishús á mjög fallegri og gróinni 1.889 m² eignarlóð við Bjargsvæg í Mosfellsbæ. Varmáin liðast meðfram löðinni og sérlega fallegar gönguleiðir eru allt í kring. Mögulegt er að byggja við húsið bílskúr. Tilvalin eign fyrir náttúru- og dýraunnendur. Keyrt er inn Reykjaveg og til vinstri inn Bjargsvæg.

Verð kr. 32,9 m.

Klapparhlíð – 2ja herb.

NÝTT Á SKRÁ



Erum með fallega 66,1 m², 2ja herbergja íbúð með geymslu, á 2. hæð í nýlegu 3ja hæða fjölbýli. Gott svefnherbergi með mahony skáp, baðherbergi m/sturtu, sér þvottahús, stofa og eldhús m/ L-laga mahony innréttingu. Góðar suðvestur svalir og fallegt útsýni. Leikskóli og grunnskóli og væntanleg sundlaug í augsýn.

Verð kr. 14,8 m.

Fálkahöfði – 3ja herb. + bílskúr



Erum með mjög fallega 103,8 m² endaíbúð á efstu hæð í 3ja hæða fjölbýli í Fálkahöfða, með mjög fallegu útsýni, ásamt 29,2 m² bílskúr. Stór og björt íbúð með eikarparketi og flisum á gólfum. Flísalagt baðherbergi með baðkari og sturtulefa. Skóli og leikskóli í augsýn og sundlaug í byggingu. Íbúðin er laus til afhendingar.

Verð kr. 25,5 m.



Verðlaunaskreyting í Rituhöfða

Bryngeir Jónsson og Helga Dögg Reynisdóttir fengu viðurkenningu frá Orkuveitu Reykjavíkur fyrir jólaljósaskreytingu á húsi sínu. Orkuveitan valdi nokkur hús á veitusvæði sínu og dómnefnd á vegum hennar átti í miklum vandræðum með að velja úr húsum vegna vaxandi fjölda skreytinga og menn eru farnir setja töluverðan metnað í að gera húsið sitt fallegt yfir hátíðirnar. Umsögn dómnefndar var á þann veginn að hús Bryngeirs og Helgu væri smekklega skreytt og nyti sín vel í ljósadýrðinni.

Með Strætó á Skagann fyrir 250 kr.

Nú hefur Strætó bs. tekið upp nýja strætóleið sem fer alla leið til Akraness. Það kostar ekkert aukalega að fara í gegnum Hvalfjarðargöngin heldur verður óbreytt verð sem er aðeins 250 kr. Strætóferðirnar þangað eru á klukkustundarfresti alla daga. Fyrsta ferðin var farin á nýársdag og lagt var af stað frá Mosfellsbænum. Það er vonandi að sem flestir nýti sér ódýra ferð á Skagann og ferð í gegnum göngin á góðum kjörum.



Punnur prettándi

Ekkert varð úr prettánda-brennunni á föstudeginum 6. janúar síðastliðinn. Vegna vonsku veðurs var ákveðið að fresta brennunni. Merkilegt þykir að þetta er aðeins í annað skipti sem þurft hefur að fresta brennunni og telst það afar gott. Brennan var svo haldin á laugardegnum. Þangað mætti mikill fjöldi manns og fór allt vel fram.

Nýtt verslunarhúsnæði

Smáragarður ehf., fasteignafélag Norvíkur hf., hefur nú hafið byggingu verslunarhúsnæðis við Háholt 13-15 í Mosfellsbæ. Fyrsta skóflustungan að verslunarhúsnæðinu var tekin föstudaginn 16. desember síðastliðinn en skóflustunguna tóku Ragnheiður Ríkharðsdóttir bæjarstjóri Mosfellsbæjar og Guðmundur Halldór Jónsson, framkvæmdastjóri Smáragarðs ehf.

Stefnt er að því að opna verslunarhúsnæðið haustið 2006 og verður það um 3.727 fm. að stærð. Í húsinu mun Kaupás reka matvöruverslun og Mosfellsbakarí mun reka þar bakarí ásamt verslun. Í framtíðinni munu fleiri verslanir koma til með að hefja rekstur í húsinu.



Ragnheiður og Guðmundur tóku fyrstu skóflustunguna

Arkitektar hússins eru Skapa og Skerpa arkitektar, hönnuður burðarþols er Hönnun hf., hönnuðir raflagna

er Raftækning hf. og hönnuðir lagna-kerfa VGK. Byggingaraðili hússins verður Húsbygg ehf.

Tónlistarfélag Mosfellsbæjar fær styrk

Menningarsjóður Íslandsbanka veitti Tónlistarfélagi Mosfellsbæjar 100.000 kr. í styrk til þess að efla tónlistarlífið hér í bæ. Afhendingin fór fram í Íslandsbanka þann 22. desember. Það var Sigríður Jónsdóttir útibússtjóri, sem afhenti Atla Guðlaugssyni gjaldkera Tónlistarfélagssins styrkinn. Við sama tilefni spilaði ung og efnileg stúlka, Hreindís Ylva Garðarsdóttir, tvö lög fyrir viðstadda á klarinettið sitt.

Tónlistarfélagið hélt þrenna tónleika á síðasta ári og til stendur að halda um ferna tónleika á hverju ári. Næst á dagskrá félagsins er jasstríó Reynis Sigurðssonar og verða þeir þann 3. febrúar næstkomandi. Þann atburð má enginn láta fram hjá sér fara.



Atli tók við ávísun frá Sigríði útibússtjóra Íslandsbanka

Innbrot og skemmdarverk

Um áramótin var brotist inn á dagheimilið hliðina á Nóatúni. Fyrst var ein rúða brotin á aðfaranótt föstudagsins 30. des. og síðan voru fjórar rúður til viðbótar brotnar á gamlárskvöldi. Þá var einnig farið inn á dagheimilið og allt lauslegt var skemmt. Speglar voru færðir út og brotnir, barnavagnar og skiptiborð skemmd og slökkvitæki tæmt. Þá var farið í lyfjaskáp og hann tæmdur. Að sögn Ingibjargar Maríu Konráðsdóttur dagforeldris, eru þessi skemmdarverk mjög svekkjandi því að hún og Þóra Egilsdóttir eru nýlega búnar að taka húsið á leigu og leggja mikla vinnu í að gera fallegt barna inni. Þá koma svona skemmdarvargar og eyðileggja á svipstundu alla þá vinnu sem búið var að setja í húsið. Þeir sem geta veitt einhverjar upplýsingar um innbrotið eru vinsamlegast beðnir um að hafa samband við lögregluna.



Skemmdarvargarnir brutu allt og brömluðu


Fimm rúður voru brotnar í húsinu



FRÓÐLEIKSNÁMA

UM SÖGU MOSFELLSBÆJAR

Sjaldan eða aldrei hefur komið út jafn glæsileg byggðarsaga og Mosfellsbær, saga byggðar í 1100 ár. Þessi glæsilega bók er prýdd yfir 700 myndum sem fæstar hafa birst áður. Bókin er öll litprentuð og afar vönduð að allri gerð. Hún er ekki bara einstaklega glæsileg gjöf, hún er skyldueign allra sem vilja kynna sér sögu Mosfellsbæjar og á að vera til á öllum heimilum í Mosfellsbæ.



*Þökkum
góðar
móttökur*

MOSFELLSBÆR

Saga byggðar í 1100 ár

*Eftir Bjarka Bjarnason
og Magnús Guðmundsson*

AÐEINS

Kr. 9.990.-

á sérstöku útgáfutilboði til Mosfellinga!

Hægt er að panta bókina hjá Pjaxa ehf. í síma 565-9320 og fá hana senda án sendingarkostnaðar. Hún fæst einnig á Bókasafni Mosfellsbæjar, Þjónustuveri Mosfellsbæjar, Föndri og riti og í Álafossbúðinni.




Suðurlandsbraut 6 | 108 Reykjavík | Sími: 565-9320 | www.pjaxi.is



MOSFELLINGUR

2005

Árið 2005 var viðburðarríkt í Mosfellsbæ. Mosfellingur hefur gert fréttum úr bæjarlífinu góð skil og hér verður stiklað á stóru í fréttaplutningi Mosfellinga síðasta árs.



JANÚAR

Heiðar D. Bragason kyllingur var kjörinn íþróttamaður Mosfellsbæjar.



FEBRÚAR

Fjöldi gesta heiðraði Sigstein Pálsson fyrrverandi bónda á Blikastöðum í veislu sem haldin var í Hlégarði í tilefni 100 ára afmælis hans.



MARS

Valdemar Jónsson var heiðraður af bæjaryfirvöldum fyrir 28 ára farsæla tónlistarkennslu. Á myndinni er hann með Ragnheiði Ríkhardsdóttur bæjarstjóra.



APRÍL

Lágafellsskóli á grænni grein. Skólar á grænni grein er alþjóðlegt verkefni til að auka umhverfismenntun og styrkja umhverfisstefnu í skólum. Hrafnhildur Arnadóttir hellir sér mjólk í glas úr könnu en það er einn liður í verkefninu í stað notkunar á einnota fernum.



MAÍ

Íbúáping var haldið að Varmá. Þátttaka var með lakara móti en vel var að því staðið. Á myndinni má sjá Eddu Jónsdóttur verkefnisstjóra og Þorstein Hallgrímsson tæknimann.



JÚNÍ

Fjöldi Mosfellinga lagði leið sína í Hlégarð þegar 17. júní var haldinn þar hátíðlegur í einmuna veðurbliðu.



JÚLÍ

Simon Ívarsson gítarleikari var útnefndur bæjarlistamaður Mosfellsbæjar. Á myndinni er hann með Guðmundi Péturssyni formanni menningarmálanefndar.



ÁGÚST

Jesse Byock fornleifafræðingur og hans starfsfólk á Hrísrú kom niður á einn merkasta fornleifafund seinni tíma á Íslandi.



SEPTEMBER

Halldór Lárusson frjálisíþróttamaður sló 27 ára gamalt Íslandsmet Péturs Péturssonar í 1500 m hlaupi á Varmárvelli. Á myndinni óskar Pétur Halldóri til hamingju.



OKTÓBER

Annar flokkur Aftureldingar lauk keppnistímabilinu með besta árangri í sögu liðsins.



NÓVEMBER

Fyrsta skóflustunga að Öryggisbúðum aldraðra var tekin við Hlaðhamra. Frá vinstri: Ragnheiður Ríkhardsdóttir bæjarstjóri, sr. Sigurður Helgi Guðmundsson forstjóri Eirar og Herdis Sigurjónsdóttir forseti bæjarstjórnar.



DESEMBER

Saga Mosfellsbæjar kom út. Á myndinni eru höfundarnir, Bjarki Bjarnason og Magnús Guðmundsson.

Í TOPPFORMI Á NÝJU ÁRI

Magnað tilboð í janúar

Þeir sem kaupa árskort í janúarmánuði (klúbbkort eða árskort) verða dregnir út og eru verðlaunin ekki af verri endanum

Dregin verða út fjögur sumarkort hjá golfklúbbnum Kili Verðmæti sumarkortsins er 55.000 kr.

ÞAÐ ER PVÍ TIL MIKILS AÐ VINNA

–verðlaunin dregin út laugardaginn 4. febrúar

Okkar vinsælu unglingatímar eru alla þriðjudaga og fimmtudaga kl. 20 - 21:30 og lau 13-14. Leiðbenendur eru Atli og Yrja. Skráning í afgreiðslu

Bodydjam
hefst 9.febrúar
(unglingatímar)

*Langar þig að taka lífinu létt
og fá tækifæri til að létta á þér?*

Þá áttu erindi til okkar!

Skref fyrir skref lokað 12 vikna átaks námskeið sem byggir á virðingu og vellíðan.

Vigtun og umræðufundur á hverjum miðvikudegi.

Setjum okkur markmið. Nýttumræðuefni og viðfangsefni í hverri viku

Verðlaun á 4 vikna fresti og uppskeruhátíð í lokin.

Námskeiðið hefst miðvikudaginn 18. janúar og stendur til 12. apríl.

Skráning stendur yfir, takmarkaður fjöldi.

12 vikna
átaks
námskeið

TILBOÐ

Þriggja mánaða kort

10.900 kr.

Gildir til 20. janúar



Opnunartímar:

06:20 - 22:00 alla virka daga

09:00 - 18:00 um helgar

TÍMI	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur	TÍMI	Laugardagur
6.20-7.20	Morgunhanar Svava Yr		Morgunhanar Svava Yr		Morgunhanar Kristín	9.30	Alfa
8.15-9.15	Morguntími Darcy	Morguntími Alfa		Morguntími Alfa	Morguntími Darcy	10.00	Karlaprek í sal Elli
15.30-16.30						10.30	Laugardagsfjör Sesselja/Magnea
16.30-17.30	Pallar & styrkur Sesselja	Alfa	Sesselja	Alfa	Pallar & styrkur Sesselja		
17.30-18.30	Líkamsmótun Magnea	Halla Karen	Líkamsmótun Darcy	Pol, kviður og bak Halla Karen	Alfa		
18.30-19.30	Halla Karen	Karlaprek Elli	Stöðvar/spinning/styrkur Darcy	Halla Karen			
19.30-20.30	Alfa		Átakshópur Magnea	Sesselja			
19.00-20.00				Karlaprek Elli			

Taflan tók gildi 9. jan - Í Toppformi áskilur sér rétt til breytinga á tímatöflu, án fyrirvara


ITOPPFORMI
hólsurækt

ÍÞRÓTTAMIÐSTÖÐINNI AÐ VARMÁ

S: 566-7888

TOPPFORM@MMEDIA.IS

WWW.ITOPPFORMI.IS



Breyttar reglur

Bæjarstjórn samþykkti nú fyrir jólin að breyta reglum er varða kosningar á íþróttamanni ársins. Undanfarið hefur tíðkast að velja íþróttamann ársins en nú hefur verið ákveðið að kjósa bæði íþróttamann og íþróttakonu ársins. Með þessu eykst fjölbreytnin og kemur til með að fjölga afreksfólki okkar í bænum. Íþróttamaður Mosfellsbæjar í dag er golfarinn Heiðar Davíð Bragason.



Lokað á Gljúfrasteini fram í mars

Safnið á Gljúfrasteini verður lokað fram í mars vegna endurbóta innandyrna. Þessar endurbætur náðist ekki að klára fyrir opnunina á safninu þegar það var formlega tekið í notkun í september árið 2004. Nú hafa menn byrjað á þessum breytingum og opna á safnið aftur fyrir almenning þann 1. mars. Heimili skáldsins mun þá skarta sínu fegursta og gaman verður að koma að Gljúfrasteini í byrjun mars.

Veistu svarið?

- 1 Hvenær var Ungmennafélagið Afturelding stofnað?
- 2 Í hvaða á er Tröllafoss?
- 3 Hver eru einkunnarorð Lágafellsskóla?

Svör: 1. 11. apríl 1902. 2. Leirvogssá. 3. Samvera-samvinna-samkennd.

Sögukornið



Friðrik G. Olgeirsson
rifjar upp gamla tíma úr sveitinni

Dönsku konungshjónin heimsækja Reykjalund

Dagana 10. til 13. apríl 1956 dvöldust dönsku konungshjónin, Friðrik 9. og Ingiríður drottning, hér á landi í opinberri heimsókn. Þau komu til landsins með SAS-flugvélinni Alf Viking laust eftir hádegi þann 10. og lentu á Reykjavíkflugvelli í blíðskaparveðri. Frú Dóra Þórhallsdóttir og herra Ásgeir Ásgeirsson tóku á móti konungshjónunum. Borgin var fánum skreytt og hvarvetna sem bílalest konungshjónanna fór um á leiðinni að Ráðherraþústaðnum þar sem þau bjuggu stóð fjöldi fólks og veifaði fánum landanna beggja.

Eins og venja er þegar þjóðhöfðingjar koma í heimsókn var skipulögð heilmikil dagskrá fyrir Friðrik og Ingiríði. Fyrsta daginn var þeim boðið til tedrykju á Bessastöðum og til hátíðarkvöldverðar á Hótel Borg. Daginn eftir skoðuðu hjónin Hnitbjörg (safn Einars Jónssonar), voru viðstödd guðsþjónustu í Dómkirkjunni, snæddu hádegisverð á Bessastöðum og kvöldverð í Naustinu. Um kvöldið hlustuðu þau á Sinfóníuhljómsveit Íslands í Þjóðleikhúsinu og sáu óperuna Cavalleria Rusticana.

Þriðjudagurinn 12. apríl var lokadagur heimsóknarinnar. Konungshjónin byrjuðu á því að heimsækja Háskóla Íslands og hliða þar á söng og ræðuhöld. Því næst var ekið upp í Mosfellssveit þar sem hinum tignu gestum var sýndur Reykjalundur. Veður var þá mjög gott og fallegt. Í frásögn í Morgunblaðinu um ferðina er lögð mikil áhersla á veðrið og fagurt útsýni. Blaðamaður er greinilega stoltur af fegurð landsins: „Í ferð sinni upp að Reykjalundi í Mosfellssveit fengu Friðrik konungur og Ingiríður drottning



Friðrik og Ingibjörg skrifa í gestabókina á Reykjalundi þann 13. apríl 1956.

notið hins fagra útsýnis á þeirri leið, sem þau án efa munu seint gleyma." Í þéttbýlishluta Mosfellssveitar stóðu börn og veifuðu fánum og hundar hlupu geltandi á eftir bílum tignarfólksins að gömlum og þjóðlegum sið. Á Reykjalundi var mikill mannfjöldi saman kominn og hvarvetna blöktu íslenskir og danskir fánar. Oddur Ólafsson yfirlæknir tók á móti gestunum og mannfjöldinn fagnaði þeim með lófataki. Yfirlæknirinn byrjaði á því að kynna stjórn SÍBS og stjórn vinnuheimilisins fyrir Friðriki og Ingiríði en að því loknu sagði hann þeim frá félags-samtökunum og baráttunni gegn berklum. Konungshjónin skrifuðu að því loknu nöfn sín í gestabók og skoðuðu svo bygginguna í fylgd Odds og Valgerðar Helgadóttur yfirhjúkrunarkonu. Þau voru mjög hrifin af stofnuninni og vildu skoða meira en ráðgert var að sýna þeim. Farið var með gestina

um húsnæði plastvöruframleiðslunnar og þar sáu þeir fólk við vinnu sína. Voru hjónin þá orðnir hálfri klukkustund á eftir áætlun vegna áhuga síns.

Þegar Friðrik konungur og Ingiríður komu út aftur kváðu við mikil húrrahróp Mosfellinga. Frá Reykjalundi fóru þau í Þjóðminjasafn Íslands. Á leiðinni var útsýnið yfir Faxaflóa fagurt sem fyrr og Snæfellsjökull sást vel í allri sinni dýrð. Því sem fyrir augu bar heyrðist konungur lýsa af áhuga fyrir Bjarna Benediktssyni menntamálaráðherra þegar hann fylgdi konungi inn í Þjóðminjasafnið. Í lokahófi í Þjóðleikhúskjallaranum um kvöldið sagði Friðrik 9.: „Ég hef aldrei séð Ísland eins fagurt og þessa daga." Hann hafði áður komið tvisvar til landsins sem krónprins og þá ferðast víða.

Friðrik G. Olgeirsson
sagnfræðingur

JANÚAR

Kafbátur mánaðarins

Skinkubátur

...og öllu því grænmeti sem við höfum upp á að bjóða

SUBWAY

6 tommu bátur kr. 299

12 tommu bátur kr. 598

Vertu skynsamur, vertu hjartagóður.

HjartaHeill

7 kafbátar með 6 grömm af fitu eða minna

Gildir í janúar 2006
Gildir ekki í Stjórnumáli
Gildir ekki með öðrum tilboðum



FJÖLSKYLDUSVIÐ Húsaleigubætur

Athygli er vakin á að samkvæmt lögum um húsaleigubætur nr. 138/1997 skal endurnýja umsókn um húsaleigubætur árlega í upphafi árs og gildir umsóknin til ársloka. Umsækjendur um húsaleigubætur í Mosfellsbæ eru minnti á að skila umsókn fyrir árið 2006 í þjónustuver Mosfellsbæjar, Þverholti 2 í síðasta lagi 16. janúar næstkomandi. Umsóknareyðublöð er hægt að nálgast í þjónustuveri og á heimasíðu bæjarfélagsins, www.mos.is/stjórnsýsla/umsóknir.

Húsnæðisfulltrúi Mosfellsbæjar

Eldri borgarar!

Félagsstarf, handavinna og spil er á þriðjud. og fimmtudögum kl. 13-16.
Leikfimin er að byrja aftur á þriðjudögum í DAMOS kl. 15.30, kennari er Margrét Bjarnadóttir.
Púttkennsla er í íþróttahúsinu á sunnudögum kl. 11-12.
Skráning er hafin glerlist, postulínsmálun og tréskurði. Uppl. í síma 5868014 e.h. og GSM 6920814 hjá Svanhildi.



Guðný Helga Kristjánsdóttir,
nuddari og höfuðbeina- og
spjaldhryggjar meðferðaraðili hefur
flutt starfsemi sína í Kærleikssetrið
Álfabakka 12 Reykjavík sími 5675088



Gamlir og nýjir viðskiptarvinir
hjartanlega velkomnir.

ÞJÓNUSTA Í MOSFELLSBÆ



Aristó hárstofa
Háholti 14.
Sími: 566 - 8989.

Saumastofa Jónu - Háholti 14.
Gluggatjaldaviðgerðir
og breytingar. Sími: 565 - 9222.

Hársnyrtistofan Belló
Háholti 14.
Sími: 586 - 8989.

Herbalife Mosfellsbæ
Shapeworks - NouriFusion
Berglind & Kjartan. Sími: 551-2099

Bylgja Matthíasdóttir Lcph
Hórnópatí bylgjam@bakkar.is
www.lifslind.is S:586-8883

Bílapartar ehf.
Grænumýri 3 - Sími 587-7659
bilapartar@bilapartar.is
www.bilapartar.is

Innrömmun ESS
Þverholti 5.
Opið 12 - 18 virka daga
Sími: 566 - 7625

Bæjardekk
Langatanga 1a.
Sími: 566 - 8188.



VGH
MOSFELLSBÆ
Verktaki - Vélaleiga
GSM: 896 6279 896 9443 896 2279

SMÁUGLÝSINGAR

Gegnheilt nýtt viðarparket til sölu.
Mjög fallegur hlynur, um 46fm og 12mm þykkt.
Selst ódýrt. Uppl. í síma 8689332 eða olofd79@yahoo.com

Bráðvantar 2-3 herbergja íbúð til leigu í Mosfellsbæ
sem fyrst. Upplýsingar í síma 696 8306. Ágústa.

Opið

allan sólarhringinn





Reykjalundur fær málverk frá Tolla

Listamaðurinn Þorlákur Kristinsson, sem við þekkjum betur undir nafninu Tolla, gaf Reykjalundi málverk nú rétt fyrir jólin. Tolla skírði verkið sitt Dög-un andans sem er stórt og afar fallegt. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem Tolla kemur færandi hendi upp á Reykjalund því margar myndir hans skreyta Reykjalund nú þegar. Þess má þá einnig geta að fyrsta myndin sem stofnunin fékk í gjöf frá Tolla var til minningar um móður hans sem dvaldi um tíma á Reykjalundi.



Skyggirnir við Úlfarsfell rifinn

Nú hefur verið hafist handa við að rífa niður stóra loftnetsdiskinn við Úlfarsfell. Hann hefur nú þjónað landsmönnum í um 25 ár en tæknin er orðin það mikil að ekki er þörf fyrir hann lengur. Um tímabil var Skyggirnir eina símatenging Íslendinga við útlönd en frá árinu 1994 tóku sæstrengir við og síðan þá hefur Skyggirnir verið einungis notaður sem varastöð. Litlu móttökudiskarnir verða þó áfram á staðnum og verða notaðir til að taka á móti sjónvarpsefni frá gervi-hnöttum.



Sigsteinn Pálsson fyrrverandi bóndi á Blikastöðum er Mosfellingur ársins 2005

Athafnamaður og stórbóndi

Mosfellingur ársins 2005 er Sigsteinn Pálsson fyrrverandi bóndi á Blikastöðum. Sigsteinn fæddist þann 16. febrúar árið 1905 í Tungu í Fáskrúðsfirði en flutti í Mosfellssveitina árið 1936 og var þá til vinnu að Reykjum. Hann giftist síðar Helgu Jónínu Magnúsdóttur heitinni frá Blikastöðum. Þau tóku við búinu á Blikastöðum þegar faðir Helgu lést árið 1942. Þar voru hjónin aðallega með kýr og þegar mest var um búpeninginn voru þar í kringum 100 nautgripir. Árið 1973 var öllum búrekstri á Blikastöðum hætt og árið 1991 keypti Reykjavíkurborg Blikastaðalandið fyrir um 245 milljónir en þau kaupgengu til baka vegna þess að bæjaryfirvöld í Mosfellsbænum vildu ekki breyta lögsögumörkum. Um 10 árum seinna var það svo byggingarfyrirtækið Úlfarsfell sem keypti landið og þar er ætluð stór og mikil byggð fyrir um 5000 þús. manns. Sigsteinn telur landið vera gott fyrir byggð þar sem lítið er um úrkomu þar og fallegt útsýni allt um kring. Síðustu árin hefur heimili hans verið dvalarheimili aldraða að Hlaðhömrum.

Hjónin á Blikastöðum

Sigsteinn hefur látið mikið að sér kveða í bæjarfélaginu í gegnum tíðina. Hann var hreppstjóri frá árinu 1964 til ársins 1984. Störf hans í því embætti voru aðallega fólgin í því að sinna innheimtumálum fyrir sýslumanninn. Helga Jónína, kona hans, var einnig í pólitíkinni. Hún var oddviti Mosfellshrepps í fjögur ár og einnig formaður kvenfélags Lágafellssóknar frá árinu 1951 til 1964. Sigsteinn var einnig sóknarnefndarformaður í Lágafellssókn árin 1973-1978. Þá hefur Sigsteinn verið duglegur í félagsstarfsemi hér í bæ og var hann til að mynda einn af stofnendum Lionsklúbbs Kjalarnesþings sem var stofnaður þann 18. mars 1965. Þá hefur hann fengið viðurkenningu fyrir að vera elsti starfandi félagi Lionshreyf-



Sigsteinn ásamt börnum og tengdabörnum. F.v. Grétar Hansson, Kristín Sigsteinsdóttir, Sigsteinn, Marta G. Sigurðardóttir og Magnús Sigsteinnsson

ingarinna í heiminum. Sigsteinn var einnig með fyrstu félögunum í karlakór Stefnis.

Námssjóður Sigsteins

Þau hjónin eignuðust saman tvö börn. Þau eru Magnús, fyrrverandi oddviti Mosfellshrepps líkt og móðir hans og svo Kristín sem hefur starfað sem kennari í Varmáskóla um árabil. Sigsteinn stofnaði ásamt fjölskyldu sinni Blikastaðasjóðinn árið 1999 til minningar um konu sína og P. Magnús Þorláksson og Kristínu Jónatansdóttur, fyrrverandi ábúendur á Blikastöðum. Þessi sjóður hefur veitt nemendum sem lokið hafa námi hjá Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri, styrk til áframhaldandi náms erlendis eða til rannsóknarverkefna í landbúnaðarvísindum.

Aldarafmælið

Sigsteinn hélt veglega veislu á 100 ára afmæli sínu þann 16. febrúar 2005 í Hlégarði. Þangað lögðu leið sína um 300 manns til þess að fagna þessum merka áfanga í lífi Sigsteins. Sigsteinn bað þar fólk um að gefa frekar í söfnunarbauka fyrir Rauða krossinn heldur en gjafir. Með þessu framtaki söfnuðust rúmlega 150 þúsund krónur sem Sigsteinn af-



Sigsteinn ásamt umhverfisráðherra í 100 ára afmæli sínu á síðasta ári



Sigsteinn afhendir Kristjáni Sturlusyni afmælisbaukinn góða

hentisvoformanni Kjósarsýsludeildar Rauða krossins. Sigsteinn telur engan sérstakan galdur liggja á bak við háan aldur sinn en segist þó vita af langlífi í föðurætt sinni. Nú stýttist óðfluga í hundraðasta og fyrsta afmælisdag stórbóndans.

agust@mosfellingur.is



Blikastaðir reisulegur og fallegur bær

í áratugi




Sigsteinn Pálsson hreppsstjóri á árunum 1964-1984

MOSEFELLINGUR ÁRSINS



Helga Magnúsdóttir eiginkona Sigsteins. Hún lést árið 1999.



Tækjakostur breyttist mikið á búskaparárum Sigsteins.



- Smásagan -

Úrslit liggja fyrir í smásögukeppni Mosfellings, alls bárust 17 sögur. Dómnefndin sem skipuð var valinkunnu fólki hefur nú komist að niðurstöðu.

1. sæti með 38 stig

Skuldlaus á lokadegi, dulnefni, Þórkatla Þormóðsdóttir.

2. sæti með 31 stig

Þar kom að því, dulnefni, Kuldaboli.

3. sæti með 25 stig

Hugvekja um litla Kríu, dulnefni, Goggur.

Mosfellingur þakkar höfundum og dómnefnd fyrir þátttökuna. Þrír efstu keppendur vinsamlegast sendið okkur ykkar rétta nafn og heimilisfang sem fyrst á netfangið: mosfellingur@mosfellingur.is

Dómnefndin var skipuð:



Helgi Einarsson
Tónlistarmaður og tónlistar-kennari



Guðmundur Pétursson
Formaður menningar-málanefndar



Guðný Halldórsdóttir
Kvikmynda-gerðarkona



Höskuldur Þráinsson
Prófessor



Ragnheiður Ríkharðsdóttir
Bæjarstjóri

ORÐIÐ ER LAUST...

Hér gefst lesendum kostur á að láta skoðanir sínar í ljós í stuttu máli. Netfangið er mosfellingur@simnet.is



Það er gott að búa í Mosfellsbæ!

Já, mér finnst gott að búa í Mosfellsbæ. Mig langar að nefna nokkra hluti mér til stuðnings: stutt út í guðs græna nátturuna, góðan golfvöll, mjög góð aðstæða fyrir hestafólk, stutt að fara á skíði ef einhvern snjó væri að hafa, gönguleiðir út um allt frábært íþróttahús, sparkvöllur frá KSÍ og fleira og fleira. Mér finnst við sem búum hér vera svona fyrsta flokks sem njótum forréttinda með að hafa þetta allt í eldhúsglugganum, en af því að ég nefni þetta er að fyrir jól var ég að lesa Mosfellsblöðin og þá var bara talað um hve vont er að búa í Mosfellsbæ og allt svo neikvætt (og það rétt fyrir jólin) auðvitað má alltaf gera betur en fyrr má nú aldeilis fyrr vera að gefa út heilu blöðin til að segja hvað fólki finnst allt svo ómögulegt að búa í Mosfellsbæ.

Verum jákvæð því það erum við sem búum til þennan bæ enginn annar.

Kv. Hilmar Stefánsson



Frábær áramót

Brynja hringdi í Mosfelling og sagði: Mig langaði að koma á framfæri hversu vel heppnuð áramótábrennan var og flugeldasýningin æðisleg. Þá var mjög gaman að ylja sér við eldinn og hlusta á lúðrasveitina. Þetta var alveg frábært og vonandi verður þetta enn betra að ári.

@ mosfellingur
mosfellingur.is

www.mosfellingur.is

Veturinn er kominn

rafgæymar
hjólbarðar kerti
viðureimar

Smur- og hjólbarðapjónusta fyrir öll farartæki

Örugg og lipur þjónusta

Gott úrval vetrardekkja

dekk@dekk.is
www.dekk.is

BÆJARDEKK

Langitangi 1a • sími 566 8188

MICHELIN



Sá yngsti til að fá svarta beltið

Mosfellingurinn Guðmundur Árni Þór Guðmundsson varð á dögunum yngsti Íslendingurinn til þess að fá svarta beltið í karate. Guðmundur er aðeins 11 ára gamall og æfir karate með Aftureldingu. Hann hefur verið afar duglegur við æfingar og þá hefur hann einnig unnið til verðlauna á mótum, t.d. vann hann tvönn gullverðlaun á katamóti nú fyrir jól.

Bestur í deildinni

Einar Ingi Hrafnsson, handboltamaður Aftureldingar, var valinn besti línumaðurinn í DHL-deildinni. DV stóð fyrir vali á úrvalsliði deildarinnar þar sem þjálfarar liðanna völdu menn í allar stöður á vellinum. Einar hlaut yfirburða kosningu þar sem hann fékk 45 stig en sá í öðru sæti, fékk einungis 16 stig. Einar hefur farið hamförmur í vetur með Aftureldingu og fer nú eflaust að stytast í það að við fáum að sjá hann spreyta sig með A-landsliði Íslands.



Kylfingur ársins

Heiðar Davíð Bragason, íþróttamaður Mosfellsbæjar 2004, hefur verið valinn kylfingur ársins 2005 hjá golfísðunni kylfingur. is. Heiðar stóð sig afar vel á þessu ári og var meðal annars Íslandsmeistari í högggleik og stigameistari á Toyota mótariðinni. Hann reyndi einnig fyrir sér á erlendri grundu á þessu ári og það með góðum árangri. Hann sigraði til dæmis úrtökumót í Svíþjóð fyrir sænsku mótariðina Telia Tour. Heiðar Davíð var einnig valinn kylfingur ársins á hófi Samtaka íþróttaféttamanna og ÍSÍ fyrr í mánuðinum. Heiðar á fyllilega skilið þessi verðlaun og vonandi að sigurför hans haldi áfram nú á nýju ári.



Um aðstöðu afreksfólks

Aðdragandi þessarar greinar hefur verið langur, við undirritaðir erum leikmenn meistaraflokks karla í handknattleik. Vissulega hefur verið unnið mikilvægt starf undanfarin ár, en því starfi verður að halda við. Er hægt að krefjast toppárangurs miðað við þá aðstöðu sem boðið er uppá að Varmá? Staðan er einfaldlega eins og eftirfarandi pistill lýsir:

Núverandi aðstaða er engan vegin viðunandi og býður ekki uppá þá möguleika sem íþróttafólk Mosfellsbæjar þarfnast til að vera í fremstu röð. Ólympískar lyftingar eru mikilvægar fyrir flest allt íþróttafólk í fremstu röð. Núverandi aðstaða í húsinu, hvort sem það er lyftinga- eða fundaraðstaða er óviðunandi. Við missum á nýju ári þrönga og slaka aðstöðu til ólympískra lyftinga og fáum í staðinn óeinangraða og kalda aðstöðu. Lyftingar í kulda, sérstaklega ólympískar, eru ávisun á meiðsli. Um er að ræða gjörsamlega óeinangraðan skúr. Þarna geta ekki einu sinni hávöxnustu leikmenn liðsins stundað þær æfingar sem þarna eiga fara fram. Þetta er í raun eins og að henda lóðunum út á götu. Þetta er bara bárujárnskýli sem er við gamla innganginn á gamla salnum. Þetta er gjörsamlega óviðunandi og reyndar bara hlægilegt að bjóða fólki upp á þetta. Hér er hvorki verið á benda á einn né neinn, en hvað sem gerist þá verður einfaldlega að taka á þessu

máli. Annað væri hneisa fyrir íþróttamennina, félagið og bæinn.

Í Íþróttamiðstöðinni er staðsett einkarekin líkamsræktarstöð þar sem finna má tæki og handlód en enga aðstöðu fyrir ólympískar lyftingar. Það þarf að vera til staðar lyftingaraðstaða fyrir íþróttafólk, sem er komið á þennan stað í æfingum og keppni, geti notað endurgjaldslaust. Helst vildum við sjá toppaðstöðu þar sem tæki, handlód og góð aðstaða fyrir ólympískar lyftingar væru allt á einum og rúm-góðum stað.

Fundaraðstaða í húsinu er lítil sem engin hvort sem það er fyrir foreldrafundi yngri flokka eða videofundi meistaraflokks karla, sem hafa verið haldnir í áhaldahúsi Mosfellsbæjar það sem af er vetri. Það er einfaldlega eins og þessir hlutir hafi gleymst í skipulagningunni.

Fyrirþremurárumsendinúverandi þjálfari meistarflokks karla núverandi bæjarstjóra bréf þar sem kom fram að bæta þyrfti lyftingaraðstöðu til muna. Hlynur frjálsíþróttþjálfari og kraftajötuninn Hjalti Ursus hafa verið að berjast fyrir bættri aðstöðu með litlum árangri síðastliðin fimm ár.

Mosfellsbær þarf að opna augum fyrir staðreyndum og hlúa vel að íþróttafólki sínu með mun myndarlegri hætti en nú er ef við ætlum okkur að vera í fremstu röð. Að sjálfsögðu erum við þakklátir fyrir allt sem fyrir



Einar Ingi reynir að ná í sig hita í úpphituðu bláeinu við íþróttahúsið

íþróttastarfið hefur verið gert en nú þarf að loka hringnum! Það liggur fyrir svart á hvítu.

Með íþróttakveðju, Einar Ingi og Magnús handknattleikskappar úr Mosfellsbæ.



Hilmir, Össi og Óli í lokaúrtak U-17

Þrír knattspyrnumenn úr Aftureldingu náðu þeim frábæra árangri að verða valdir í lokaúrtak U-17 ára landsliðsins í knattspyrnu. Þetta eru félagarnir Hilmir Ægisson, Ólafur Karlsson og Örn Ingi Bjarkason. Æfingar fara fram nú um helgina og eru undir stjórn Lúkasar Kostic þjálfara U-17 landsliðs Íslands.

Þórdís Magnúsdóttir í landsliðsúrtaki

Þórdís Magnúsdóttir, markvörður 3. flokks kvenna í knattspyrnu hjá Aftureldingu, var valin í úrtakshóp hjá U-17 landsliðinu. Þetta er ekki í fyrsta skiptið sem hún hefur fengið að taka þátt í æfingum með landsliðinu því stutt er síðan að hún var í svipaðan hóp. Æfingarnar fóru fram dagana 7. og 8. janúar.



FIRMAMÓT HVÍTA RIDDARANS

Mótið fer fram í Íþróttahúsinu að Varmá, Mosfellsbæ. Spilaður er 5 manna bolti, með markmanni, á stór innanhús-mörk. Vinningar verða veglegir Aðeins verður pláss fyrir 20 lið í hvorri keppni þannig að fyrstur kemur fyrstur fær. Þátttökugjald 15.000 kr. Skráning er hafin.

Frekari upplýsingar veitir Steini í síma 862-9416



Afturelding leikur í íþróttafatnaði frá Jako

NAMO ehf. - Þverholti 2 - Kjarna
S. 566 7310 og 896 0131

Fax: 566 7241
namo@namo.is



Uppgjör jóla og áramóta



Álfadrottning og Álfakóngur mættu að vanda á þrettándabrennuna



Að vanda sá Björgunarsveitin Kyndill um að selja bæjarbúum flugelda fyrir áramótin



Agnes með litlu hnátunni sinni og Atla Erni



Jón Friðjónsson starfmaður Mosfellsbæjar og Ólafur Haraldsson kynnrir á þrettándagleðinni, hvöddu jólin með stæl



Kyndlabeirar tóku þátt í blysför frá Nóatúni



Jólasveinarnir fylgdu foreldrum sínum á þrettándanum og minntu börnin á að vera þæg og út nýja árið



Blysin voru tendruð á áramótabrenninni og glöddu mörg augun.



Tviburarnir Alexander og Patrekur voru vel búnir og með öryggisgleraugu



Álafosskórinn tók lagið Höfuð, herðar, hné og tær af mikilli innlifun



Grýla og Leppalúði komu við áður en þau héldu til fjalla eftir erilsöm jól



Páll Ágúst, Ólafur, Jóhann Fannar og Hallgrímur Valur með áramótavindlana



Drífa, Júlíanna og Steini galvösk í skruðgöngu



Kyndilsmenn sáu um veglega flugeldasýningu á þrettándanum og pössuðu upp á öryggi fólksins

Karóki-jólin 2005

Nú eru jólin búin og allt sem þeim fylgir, matar-
átið og viskortafyllerið orðið að hrottalegum
timburmönnum. Fólk er búið að versla á útsölum
og skila jólapökkunum sem það vildi ekki eða fékk
meira en nóg af. Það eru jólaplöturnar sem eru
efni mitt núna, það er að segja íslenskar plötur sem
komu út núna fyrir jólin og á
árinu 2005. Þær eru margar
hverjar farnar að safna ryki
eftir stutta viðveru í spila-
ranum. Það sem einkenndi
plötujólin í ár voru þessar
eintómu „Karóki“-plötur
eða coverplötur sem öllum
datt í hug að gefa út, það eða
safndiska. Ég hef oft spáð í
það hvort sköpunargáfan sé
orðin eitthvað lítilfjörleg eða
hvort það sé einfaldlega svo-
na mikið mál að semja bæði
lag og texta frá grunni. Það
er auðveldara að setja lag á plötu sem aðrir hafa
gert frægt og því þarf ekki að hafa áhyggjur af því að
lögin verði ekki vinsæl. Ég er ekki að segja að það
sé alsæmt að taka coverlög og setja þau á plötu,
ég hef jafngaman af því og hver annar, en þessi jól
datt um 85% af íslenskum tónlistarmönnum þessi
snilldarhugmynd í hug. Ég ætla að stikla á stóru í
þessari upptalningu minni og nefna örfá dæmi
sem ég man eftir: Bjarni Ara var í Svínstuði; Björgi
Halldórs státar af því að taka vinsæl lög eftir sjálfan
sig; Beggi í Sóldögg gerði coverplötu en hún var í
80's stíl sem og Margrét Eir var líka í 80's þæling-
um á árinu. Á móti sól var með HIN 12 topplögin
en í fyrra voru það bara 12 topplög.
Garðar Cortes brosir breitt þes-



sa dagana enda seldi hann nálægt 19 þúsund plöt-
ur af lögum eftir aðra; Nylon gaf út plötu og meira
að segja er lag sem þær sömdu sjálfar á þessari
plötu, hver hefði trúað því að þær gætu samið tón-
list? Helgi Björns gaf út lög frá Magga Eiríks; Pétur
Kristjáns tók Kim Larsen; Regína Ósk var í stuði og

Raggi Bjarna var að fylgja velgengni
síðustu jóla eftir með safnplötu. Matti
(Papar), Sigga Beinteins, Solla, Guðrún
Helga, Brynhildur Guðjóns, Diddú,
Guðrún Gunnars, Friðrik Ómar og svo
mætti lengi telja hvort sem það eru
safnplötur eða endurútgáfur frá fyrri
tímum. En þetta er að gera þetta eftir
sínu höfði einsog þau segja í Idolinu
og það er mjög gaman að því enda
væri ekkert gaman að heyra þessi lög
nákvæmlega einsog þau voru þegar
þau komu fyrst út. Svo má ekki gleyma
Idol-liðinu sem að kom með hverja
plötuna á fætur annarri þetta árið. Þau

sem voru í efstu þremur sætum í Idolinu gáfu út
plötu (Hildur, Heiða og Davíð Smári) svo
og Ylfa Lind og ekki má gleyma Lummu-
num sem er samansafn af Idol-liði frá því
í fyrra. Einnig var það fimmhundruðka-
llinn Jón Sigurðsson (Gubbið) sem ákvað
að hamra járníð meðan það væri heitt
og kom með sína aðra plötu. Ég kalla
hann Gubbið vegna þessa að mér verður
flöktur þegar ég heyri hann syngja. An-
nars á ekki að gera lítið úr honum vegna
þess að hann er svo mikill „næs gæ“ og
allra hugljúfi. Að gera grín að honum er
einsog að sparka í grátandi barn, en hvað
með það?

En þessi aðferð virðist
virka og allir græða á tá og
fingri af markaðssetningu
annarra sem þýðir að þetta
er nú kannski ekki svo vit-
laus hugmynd eftir alltsa-
man. Þetta ætla ég
að gera þegar ég verð
stór, bara með öðru
sniði. Ég ætla að skrifa
metsölubækur eftir
aðra en gera það eftir
mínu höfði t.d. að skrifa Sölku Völku eftir Laxnes
og breyta „hvur“ í hver og svoieðis þ.e.a.s. gera
eftir mínu höfði eða skrifa Engla alheimsins og
láta verða „happy ending“. Í staðinn fyrir að deyj-
ja verður hann forrikur bankastjóri og flytur til Lux-
emborgar.

En eins og einhver stórsöngvarinn sagði þegar
hljómsveit tók eftir hann frægt coverlag:
„What the fuck was wrong with the original?“

HÖGNI SNÆR
gerir upp jólahátíðina



NÝJAR PERUR
NÝJAR PERUR
NÝJAR PERUR
NÝJAR PERUR

SÝNUM LIT



SÍMI: 5668 110

Í eldhúsinu hjá Agnesi

Grænmetisréttur

Agnes Kristjónsdóttir söngkona og dansari bauð Mosfellingi í
eldhúsið hjá sér og lét hann fá uppskrift af dýrindis rétti. Þetta
er grænmetisréttur með kjúklingabaunum. Hér er uppskriftin:

2-3 laukar steiktir á pönnu þar til gylltir.
1-2 sætar kartöflur í bátum steiktar í ferningum á pönnu líka.
1 stór rófa steikt líka í bitum.
1 -2 stórar rauðar paprikkur steiktar í ræmum.
1 krukka tilbúnar kjúklingabaunir (skola í volgu vatni)
3-6 kramin hvítlaukskrif
1 litil dós tómatur
1 krukka indversk sósa t.d Korma eða Tikka Masala
(eða kryddið sjálf og notið AB mjólk til að búa til sósuna)

Krydd:
Sjávarsalt eða Maldon salt
Cayenne pipar, smá chilli og annað sem smakkast vel -
eða bara krydd frá Pottagöldrum.



Agnes mælir með því að rétturinn sé borinn
fram með salati eða jafnvel Nan brauði.

Eftir er að búið er að steikja grænmetið og blanda
því saman við baunir - eru sósar settar á pönn-
una og smá soðið vatn saman við.
Öllu blandað saman í stórum potti og látið malla
og taka sig - má bæta meiru af soðnu vatni út í til
að þynna eða AB mjólk.



Myndlistarskóli Mosfellsbæjar

Í Álafosskvosinni



Innritun á
vormisseri
2006 er hafin

Símar
skólans eru
566 8710
663 5160



Myndlistarnám
er þroskandi
og skemmtilegt



OPIÐ FORELDRAHÚS

Í LISTASAL MOSFELLSBÆJAR Í KJARNA



Fimmtudaginn 26. janúar kl. 20:00-21:00

„Allt hefur áhrif einkum við sjálf“

Jórlaug Heimisdóttir verkefnisstjóri hjá Lýðheilsustöð kynnir verkefnið „allt hefur áhrif einkum við sjálf“ sem er samvinnuverkefni milli fjölmargra sveitarfélaga, þ.á.m. Mosfellsbæjar og Lýðheilsustöðvar. Markmið verkefnisins er að stuðla að heilbrigðum lífsháttum barna, ungs fólks og fjölskyldna þeirra með áherslu á aukna hreyfingu og bætt mataræði. Komið, hlustið og látið í ykkur heyra hvernig við getum spornað gegn offitu og auknu hreyfingarleysi í nútímasamfélaginu?

Skólaskrifstofa
Mosfellsbæjar



Tónlistarbærinn Mosó?

Fyrst þegar við vorum beðnir um að skrifa í Mosfelling þá fórum við strax að þæla hvað vantar í Mosó? Við komumst strax að þeirri niðurstöðu að það vantar klárlega betri aðstöðu

fyrir hljómsveitir. Það er engin aðstaða sem að við vitum um, og flestir spila í bílskúrum og gera foreldra brjálaða. Það hefði hentað að nota Björgunarsveitar-húsið sem æfingaraðstöðu í staðinn fyrir að rífa það og við vitum að Edda í Bólinu var búin að berjast fyrir því, en fékk engu framgengt. Við sjálfir getum ekki spilað jafn mikið og við viljum, vegna foreldra, plássleysis og nágranna. Við vitum að önnur bæjarfélög bjóða uppá þessa aðstöðu og aðstaðan er vel nýtt. Það er mikil tónlistariðkun í Mosó og hafa margir frábærir tónlistarmenn komið héðan, svo sem meðlimir úr Sigurrós, Gildran, Bjarni og Bjössí í Mínus, Binni í Future Future, hin frábæra hljómsveit Astara, Dóri DNA, Ingvar sólómeistari og fleiri frábærir tónlistarmenn.

Þarseinasta sumar var okkur gefið skate-park og það hefur verið mikið notað, þar komu meðlimir úr FLIP-teaminu og héldu þar keppni. Nú vonumst við til að eitthvað verði gert í þessum málum og við erum vissir um að hljómsveitaraðstaða verði ekki síður notuð ef við fáum hana. Við kveðjum með stæl, ekkert væl, nema um hljómsveitaraðstöðu.



Mr. D & Chris

BLAÐAMANNAKLÚBBUR BÓLSINS
Fomaður: Gísli Már Guðjónsson

Til hamingju með afmælið Slææ



Já, takk fyrir það. Já, haldiði að kúturinn eigi ekki bara afmæli í dag... Ha?! Já, ég er bara orðinn 23 ára gamall, úffft þetta er fljótt að gerast. Mér finnst vera svona þrjú ár síðan ég var með hor í nefinu inni á skrifstofu hjá Birgi skólastjóra.

Ég var mikið að spá í að taka einhvern pistil á alvarlegu nótnum og með pólitísku ívafi og einhverju, en ég á afmæli og nenni því ekkert. Ég vil vera skemmtilegur á afmælinu mínu. Já, í staðinn ætla ég að láta hugann reika. Ég ætla ég að lýsa fyrir ykkur draumaafmælisdeginum mínum, eins og mér líður akkúrat núna. Ég bæti líka inn í dæmið að ég gæti galdrað og flogið og svona basic afmælisdraumadæmi?

Þetta væri klárlega sólríkur sumardagur, heitur og finn. Ég vakna snemma og fæ mér eitthvað snarl. Spranga svo aðeins um á nariunum og læt illa og hlusta á tónlist hátt og svona. Því næst færi ég á fund með fjölskyldunni minni í svona bröns pakka. Ég myndi hlæja mjög mikið og vera fyndinn og svona. Eftir staðfastan morgunverð myndi ég leggjast í sófann, losa beltið



Ásgeir „Slææ“ Jónsson
er afmælisbarn dagsins
og veit af því
asgeir@mosfellingur.is

og horfa á Dumb and Dumber. Svo er dyrabjöllunni hringt. Þar er engin önnur en Anna Rakel Róbertsdóttir, fallegasta kona landsins. Við förum saman á línuskauta í asnalega góðu veðri. Ég er í svona 70's stuttbuxum með svona klauf upp mjöðina og gott ef að Anna er ekki bara í tja...þveng. Það er ótrúlega gaman og það er svona „þím song“ í gangi á meðan við skautum um, sem að heyrist bara að himnum ofan. Við hlæjum og dettum jafnvel í það að kitla hvort annað. Svo fer ég heim og sest aðeins niður. Hlusta á Kraftwerk og fæ mér jafnvel einn kaldan. Kallinn skellir sér í sitt finasta púss og fyrir utan bíður limmi, ekki slæmt ha...? Þú vildir kannski bara vera ég um það bil núna?

Liminn fer með mig í Grillið á Sögu. Þar eru allir félagarnir mættir, allir með tölu. Við látum illa og borðum góðan mat, segjum d ó n a l e g a brandara og hetjusögur. Eftir það er ferðinni heitið í



Hlégarð, en ekki hvað? Þar eru heljarinnar veisla í gangi til heiðurs mér...yes marr! Þarna eru allir vinir mínir, kunningjar og allir sem að mér líkar vel við. Sem eru reyndar bara allir sem ég þekki nánast því mér er eiginlega ekki illa við nokkurn mann. Ohhh, þetta er svo gott kvöld. Ekkert kjaftæði og einhver rúnkari með matjó stæla útaf því að honum var hafnað sem barni. Það besta er að ég ræða tónlistinni alveg sjálfur, það eru bara einhver svona hugtengsl í gangi þar. Og svo þegar leiðinlega fulla stelpa kemur að biðja um eitthvað ömurlegt lag með Landi og sonum, þá er ég bara með svona fjarstýringu í vasanum og set á mjút...yes marr!

Gott ef að kvöldið endar svo ekki bara á því að maður fær fylgd heim í faðmi einhvernar yndislegrar dömu.

Þetta væri sannkallaður draumadagur, það verður ekki annað sagt.

Svo vakna ég upp frá draumnum, fer út að skafa af bílnum og dett í leiðinni...hehe, nei lífið er yndislegt og gleðilegt ár, kærur lesendur....

Innrás í útvarpið

Gulldrengirnir Eggert Páll Einarsson (Eddi Pé) og Steindór Hróar Steindórsson (Steindi Junior) eru komnir með útvarpsþátt á útvarpsstöðinni Flass Fm 104.5. Þátturinn heitir Tár, bros & alkahól er öll föstudagskvöld frá kl.18 - 20. Steindi sagði við blaðamann að þetta væri ekki ósvipaður vettvangur og blaðamennskan en eins og flestir vita var hann annar ritstjóri bæjarblaðsins Lókal. Steinda finnst gott að tala um það sem liggur honum á hjarta til þess að fá útrás og gott að geta það vikulega. Eddi sagði að hann hafi gaman af því að sprella og bulla í þjóðinni og stefnir á alheimsfyrirráð í framtíðinni. Þátturinn er fjölbreytilegur og þeir félagarnir eru með marga fasta liði. Fremstur á meðal jafningja er sjálfur Hemmi Gunn sem þeir hringja í í hverjum þætti og spjalla við hann um daginn og veginn. Steindi sagði: „Hemmi Gunn er óbeint þriðji aðillinn að þættinum. Við lítum á hann sem fósturpabba Mosfellinga enda ól hann okkur upp í gegnum sjónvarpið og hjálpaði okkur



í gegnum erfiða tíma með geisladisk sínum Frískur og fjörugur. Hemmi sér líka um allar auglýsingar fyrir okkur og okkur þykir afar vænt um kallinn." Þetta er grínþáttur af bestu gerð

að sögn þeirra félaga og hvetja þeir alla til þess að hlusta og styðja sína menn. Það er bara málið fyrir okkur Mosfellinga að stilla á Flass.net Fm104.5 og njóta þáttarinn.



Pókeræðið fór illa með Jóa...

Kúnninn hefur alltaf rétt fyrir sér

Okey, ég hef farið á matsölustaði svengri en þriðja heims barn og ég held að mér sé óhætt að segja að ég sé alltaf kurteis. Hvað er það með fólk sem hefur dálæti af því að vera dónalegt við afgreiðslufólk? Ég fór með heimsendingu til fólks um daginn í flott einbýlishús. Fyrir utan stóðu tveir nýlegir og flottir bílar. Ég hringdi bjöllunni og á móti mér tók kona sem var með höndina fulla af peningum. Ég sagði við hana, mjög kurteislega: „Þetta gera 4.035 kr.“ Henni virtist bregða mjög við þessi tíðindi og hljóp inn. Á meðan stóð ég þarna eins og bjáni í ískulda og vissi ekki hvaðan á mig stóð veðrið.

Eftir skamma stund kom maðurinn hennar og virtist vera alveg brjálaður og hreytti út úr sér: „Hvernig er það með þjónustuna þarna hjá ykkur, getið þið ekki gefið upp rétt verð í símann?“ Ég varð hálfaumingjaleg þar sem ég hafði ekki guðmund hvað maðurinn babblaði um en fer skjótt að halda að þarna hafi orðið einhver stór samskiptamistök hjá honum og yfirmanninum mínum sem tók við pöntuninni.

En annað kom í ljós þegar maðurinn öskraði á mig: „ÞÚ sagðir í símann 4.000!“

Það sást í kokið á mér þar sem

hakan féll snögglega í kalda stéttina og mig langaði virkilega að spyrja fúskinn hvort honum væri alvara. ÞETTA VORU 35 KR!!! En þar sem siðprúðri stúlku eins og mér hefur alltaf verið kennt að vera „dönnuð“ hélt ég í mér.

Því næst tók hann úr vasa sínum lúku af klinki þar sem greinilega glitti í ógrynni af tí- og fimmmköllum. Á þessum tímapunkti hélt ég að mér væri borgið en sagan hélt áfram þegar hann tók EINA hundraðkallinn á staðnum og vældi út úr sér: „Þú verður þá bara að hirða þetta, þetta er það eina sem ég á.“ (Eins og hann kæmi út í tapi!!!). Til allrar minnar lukku var ég með skiptimynt sem bjargaði lífi mínu þennan viðburðaríka dag.

En allra best var þó þegar k o n a n hans fór að biðja mig af-sökunar



Kara

á látunum í kallinum. Kellingargreyið hefur roðnað nírðri rassgat.

Boðskapurinn í þessum pistli er því þessi: Kæru bæjarbúar, sýnið þið kurteisi þó ekki sé nema bara til þess að hlífa öðrumfjölskyldumeðlimum við skömminni og/eða til að þurfa ekki að lesa um skandala ykkar í Mosfellingi! ;)

TVÍFARAR • RARAFÍVIT



Biggi Haralds og Maradonna



MOSEFELLINGUR mælir með...

...ærligri hreyfingu eftir alla velmegunina um hátíðirnar. Bærin býður uppá fjölmargar skemmtilegar gönguleiðir úti í guðsgrænni náttúrunni. Svo er líka hægt að skella sér í Toppform og sprikla eins og maður eigi lífið að leysa og fara í sund á eftir.



Gildir ekki með öðrum tilboðum, greitt fyrir dýrari pizzuna.



pizza mánaðarins
HAWAII

skinka og ananas

12" 999 kr.

16" 1199 kr.

Opið: sunnud. - mánud. 11:30-23:30 og föstud. - laugard. 11:30-01:00

Spurning til bæjarbúa

Hvað stóð upp úr hjá þér á síðasta ári?

Bergsteinn



Ætli það hafi ekki verið Eddu-verðlaunin sem ég fékk.

Berglind



Íbúðarkaup og utanlandsferðir.

Krístún



Landmannalaugar með fjölskyldunni

Lúðvík



Vinnan, það var nóg að gera.

Sigrún



Barnið mitt sem ég fæddi fyrir átta mánuðum.

Siggi



Ég og fjölskyldan fórum til Benedorm á Spáni.

STRANDVERÐIRNIR SIGGI OG SIV



Vel klæddar á áramótabrennu



Lítil sæt fjölskylda



Þær hanga saman Telpurnar



Haaaaa?????



Kata kjútípæ



Hvað er einn koss á milli vina?



Áramótagleðin í botni!



Þrír úberheitir naglar



Stórstjörnur Mosfellsbæjar



Kóngurinn og drottningin



Tvær Dísur á Draumnum



Halló, halló.....



Syngjandi sveitt!!



Alltaf á rúntinum...



Daði og frú



Siggi og sætu stelpurnar



Allir út að leika



Baldur Amadeus Mozart



Flex'in baby!



Þorabrótt??



Gamlar kempur úr boltanum



Guðný Lára



Vilttir folar



Hann bráðnar ekki þes



Séns á meiri svip?



Couple of homies



I be pimpin !!



Rispekt þe kokks



**SIGGI
VAR ÚTI**



**SIGGI HASSELHOFF
STRANDVERÐIRNIR SIGGI OG SIV
Í HRESSANDI ÁRAMÓTABAÐI**

Endilega sendið okkur myndir - mosfellingur@mosfellingur.is




Lalli ásamt börnum sínum, Andrési og Unni



Bekkjarsystkini Lalla þau Stebbi og Sida fara með heimatilbúið ljóð

Lárus H. Jónsson fimmtugur

Lárus H. Jónsson hélt upp á stórafmæli sitt þann 30. des síðastliðinn í Bæjarleikhúsinu. Afmælið var í alla staði glæsilegt, stútfullt af skemmtiatriðum og ræðum til heiðurs Lalla. Margt var um manninn og yndislegt að sjá allt fólkið sem Lalli hefur kynnst í gegnum tíðina. Þarna er á ferðinni maður sem margir Mosfellingararnir geyma sér í hjartastað.



Ingvar, Hannes og Hafsteinn



Keli, Ingimundur og Bjarki Sig



Gestir horfa á flugeldasýningu til heiðurs afmælisbarninu



Stelpurnar úr leikfélaginu tóku frumsamið lag fyrir Lalla

Rukálsá re nnipo alla agad. Verið nimoklev.

Boltinn í inneib og illa með nnittah



Fyrsti Mosfellingur ársins 2006



Litli engillinn í faðmi Friðriks föður síns. Við hlið þeirra er stóra systir Katla Sif og svo eru það mæðgurnar Auður Eik og Fanney Saga

Það var myndarlegur drengur sem kom fyrstur Mosfellinga í heiminn á nýju ári. Hann fæddist 4. janúar á Landspítalanum í Reykjavík og vó 3390 grömm og 50 cm á lengd. Fæðingin gekk vel að sögn móður og heilsast mæðginunum vel. Foreldrar drengsins eru þau Auður Eik Magnúsdóttir og Friðrik Fannar Sigfússon. Þau eiga fyrir stelpurnar Kötlun Sif og Fanneyju Sögu. Samkvæmt nýjustu tölum Hagstofunnar eru Mosfellingar samtals 7157 í dag og fer ört fjölgandi. Þetta þýðir að bæjarbúum hefur fjölgað um 45% á síðustu tíu árum. Með tilkomu nýju hverfanna á Helgafellslandinu, í Leirvogstungu og í Krikunum stýttist í að bæjarbúar fari yfir 10.000 manna múrinn.

Fjölbreytt störf í boði !

Við hjá Svæðisskrifstofu Reykjaness leitum að starfsfólki til að starfa með fólki með fötlun. Tilvalið fyrir þá sem eru að leita sér að starfi í heimabæ sínum eða vantar vinnu með skóla. Um er að ræða vaktavinnu í ýmsum starfshlutföllum, 20-100% í Kópavogi, í Hafnarfirði, í Garðabæ, á Seltjarnarnesi á Álftanesi og í Mosfellsbæ. Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofutíma í síma 525-0900 og á heimasíðu okkar www.smfr.is.

Umsóknarfrestur er til 26. feb. 2006

Svæðisskrifstofa Reykjaness



**Bestu pizzurnar
í bænum**

PVERHOLT 2 - KJARNI

MOSFELLINGUR

GK
Snyrtistofa

Kjarna
Pverholti 2
Sími: 534 3424



Það voru ýmsar furðuverur sem mættu á hina árlegu þrettándabrennu og blönduðu geði við fjölmarga gesti.

Gaman á þrettándagleði

Ljósmynd: Hilmar



Sími:
588 55 30

Netfang: berg@berg.is • www.berg.is

Opið virka daga frá kl. 9-18



Sigrún Stella Einarssdóttir
Löggiltur fasteignasali
GSM: 824 0610



Pétur Pétursson
Löggiltur fasteignasali
GSM: 897 0047



Bergholt

Nýtt í sölu.
Mjög vandað 184 fm. einbýli við eina fallegustu götu Mosfellsbæjar.
4 svefnherbergi. 2
baðherbergi/snyrtingar. Björt stofa með arni. Stór bílskúr með geymslu inn af. Fallegur garður. Gróð hverfi. Nýtt K gler í öllum gluggum og nýr þakantur. **V. 39 m.**



Grenibýggð

Nýkomið í sölu mjög fallegt 109 fm. raðhús við Grenibýggð í Mosfellsbæ. Eignin er mjög vel innréttuð. Parket á gólfum. 3 góð svefnherbergi. Upptekin loft með innfelldri halogenlýsingu. Falleg eldhúsinnrétting. Sólakáli. Stór sólpallur. Heitur pottur og fullfrágengin lóð. Eign í algjörum sérflokk. Örstutt í fallegt umhverfi. Leikskóli í göngufjarlægð. Barnvænt umhverfi. **V. 30,9 m.**



Skeljatang

Nýkomið í sölu afar falleg 94 fm. íbúð með sér inngangi á efri hæð í fjórþýlishúsi við Skeljatanga. 3 góð svefnherbergi. Bjött og falleg stofa með útgengi á stórar suður svalir. Gott geymsluloft yfir íbúð. Þetta er eign í sérflokk. Stór og gróin lóð. Hellulagt fyrir framan hús. **V. 21,3 m.**



Leirutangi

Laus við kaupsamning. Til sölu mjög falleg 92,5 fm. íbúð á jarðhæð með sér inngangi við Leirutanga í Mosfellsbæ. Flisar á stofu. Útgegn í sér garð úr stofu. Hellulögð verönd. Fallegt eldhús með góðri eldhúsinnréttingu. Flisar á baði. Sér þvottahús. Tvö svefnherbergi. Mjög barnvænt umhverfi. **V. 17,9 m.**

Berg fasteignasala stofnuð 1989

mosfellingur@mosfellingur.is - www.mosfellingur.is